



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki) þskj. 2 – 2. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014.

BSRB leggur til að ef fara á í lækkun tekjuskatts einstaklinga að það verði gert þannig að það komi öllum til góða, einnig þeim tekjulægstu. Það mætti t.d. gera með því að hækka persónuafsláttinn eða lækka skattprósenta í lægsta þrepi.

Í frumvarpinu kemur einnig fram að reiknireglur og viðmiðunarfjárhæðir barna- og vaxtabóta verði óbreyttar. Í þessu felst raunlækkun barna- og vaxtabóta sem bitnar mest á þeim sem tekjulægstu. BSRB leggur til að barna- og vaxtabætur verði uppfærðar til samræmis við hækkun verðlags. Einnig þarf að huga að því að skerðingarmörk vegna barnabóta verða að óbreyttu lægri en lágmarkslaun á árinu 2014. Samkvæmt því þarf einstaklingur að hafa lægri tekjur en sem nemur lögbundnum lágmarkslaunum til að geta notið fullra barnabóta. Slíkt hlýtur að skjóta skökku við og vekja upp spurningar um fyrirkomulag barnabótagreiðslna yfir höfuð og hvort ekki þurfi að endurskoða kerfið í heild sinni.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink that reads 'Helga Jónsdóttir'.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri BSRB